



## Fundargerð

259. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjaneshæjar, fjarfundur haldinn

6. nóvember 2020, kl. 08:15

### Viðstaddir:

Eysteinn Eyjólfsson formaður, Gunnar Felix Rúnarsson, Helga María Finnbjörnsdóttir, Ríkhartur Ibsen, Róbert Jóhann Guðmundsson, Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfissviðs, Gunnar K. Ottósson skipulagsfulltrúi, Sveinn Björnsson deildarstjóri byggingar- og skipulagsmála, Maríanna Hvannal Einarsdóttir sérfræðingur umhverfissviðs, Sigmundur Eyþórsson tæknifræðingur og Hrefna Höskuldsdóttir ritari.

\* \* \*

### **1. Kynning á drögum umhverfis- og loftslagsstefnu Reykjaneshæjar (2020021391)**

Bjarni Herrera Þórisson og Hafþór Ægir Sigurjónsson kynntu drög Circular að umhverfis- og loftslagsstefnu fyrir Reykjaneshæ.

Ráðið þakkar fyrir góða kynningu. Formanni umhverfis- og skipulagsráðs falið að boða til sameignlegs vinnufundar með framtíðarnefnd Reykjaneshæjar.

### **2. Afgreiðslu- og samráðsfundur byggingafulltrúa nr. 294 (2020010081)**

Lögð fram til kynningar fundargerð nr. 294, dagsett 30. október 2020, í 2 liðum með fullnaðarafgreiðslum erinda.

### **3. Selás 20 - Ósk um hækkun á þakhæð (2019090080)**

Sverrir Leifsson óskar eftir hækkun á þakhæð. Óskað er að skipulagsskilmálum fyrir lóðina sé breytt svo hæð á þaki verði óbreytt en byggingin var reist þannig að þakið er 88cm hærra en skilmálar deiliskipulags kveða á um.

*Samþykkt að senda í grenndarkynningu skv. 44. grein skipulagslaga málsgrein 2 en kallað er eftir frekari gögnum.*

### **4. Flugvallarbraut 937 - Uppskipting á lóð (2020110028)**

Ásbrú fasteignir ehf. óska eftir uppskiptingu á lóðinni Flugvallarbraut 937. Lóðin er 2,8ha en verði eftir breytingu tvær lóðir 1,38ha og 1,42ha.

*Umsögn Kadeco liggur ekki fyrir, erindi frestað.*



#### **5. Grófin - Tillaga að lóðastækkun (2020110029)**

Glóra ehf. leggur fram fyrir hönd lóðarhafa við Grófina ósk um lóðarstækkanir og nýja lóð í samræmi við uppdrátt dags 12.10.2020.

*Róbert Jóhann Guðmundsson vék af fundi.*

*Skipulagsmál hverfisins eru í skoðun og ekki verða lóðabreytingar að sinni. Erindi hafnað.*

#### **6. Brimdalur 7 – Lóðarstækkun (2020050201)**

Grétar Sverrisson óskar að stækka lóð Brimdals 7 til norðaustur og minnka opið svæði sem þar er.

*Samþykkt með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda skv. 44. grein skipulagslaga málsgrein 2.*

#### **7. Furudalur 14 og 16 - Breyting á deiliskipulagi (2020020042)**

Óskað er heimildar til að breyta parhúsi í fjögurra húsa raðhús samkvæmt uppdrætti Riss verkfræðistofu dags. 13.10.2020.

*Breytingin samræmist ekki götummynd og byggðamynstri. Erindi hafnað.*

#### **8. Skammtímastæði við Hafnargötu (2020110030)**

Erindi frá samtökum Betri bær sem óska eftir að bílastæði við Hafnargötu verði merkt sem skammtímastæði á meira áberandi hátt.

*Samþykkt. Umhverfissviði falið að útfæra tillöguna.*

#### **9. Dalsbraut 32 - 36 bílastæðamál (2019120016)**

Miðbæjareignir ehf. óska eftir að bílastæðakrafa verði lækkuð úr 1,8 í 1,6 stæði á íbúð í samræmi við uppdrátt dags 8. júní 2020, lýsingu á aðstæðum og yfirlits um bílastæðanýtingu dagana 5.- 13. október 2020.

*Samþykkt með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda skv. 44. grein skipulagslaga málsgrein 2.*

#### **10. Þrastartjörn 38-48 - Fyrirspurn um fjölgun íbúða (2020100163)**

Ás - smíði byggingafélag ehf. óskar eftir heimild til að breyta deiliskipulagi þ.a. stakstæðir bílskúrar falli út en verði sjálfstæðar íbúðir í samræmi við tillögur dags 2. nóvember 2020.

*Um tvöföldun íbúða er að ræða. Erindi hafnað.*

#### **11. Tillaga að tjaldsvæði í Reykjanesbæ - Minnisblað (2020100171)**

Lagt fram minnisblað skipulagsfulltrúa um mögulega staðsetningu fyrir nýtt tjaldsvæði í Reykjanesbæ og leggja mat á mögulegum stöðum og minnisblað verkefnastjóra ferðamála dags. 8. október sl. um tjaldsvæði í Reykjanesbæ þar sem óskað er umsagnar umhverfis- og skipulagsráðs.



Miðað við úttekt skipulagsfulltrúa koma Njarðvíkurskógar og Víkingaheimar best út varðandi staðsetningu, stærð og nálægðar við þjónustu, en ókostur Víkingaheima er fjarlægð í alla afþreyingu og staðsetningu mögulegra viðburða. Njarðvíkurskógar eru þar skörinni hærra vegna möguleika á sveigjanleika á stærð svæðisins og nálægðar við verslun og þjónustu, náttúru, íþróttamannvirki og Reykjanesbraut auk fjarlægðar frá næstu íbúabyggð, þó án þess að vera í jaðri byggðar. Í Njarðvíkurskógum er gert ráð fyrir tjaldsvæði í aðalskipulagi og svæðið er spennandi útivistarsvæði í þróun sem býður upp á margvíslega möguleika.

## **12. Aðalskipulagsbreyting og deiliskipulag Sveitarfélagið Vogar (2020110013)**

Sveitarfélagið Vogar kynnir tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins Voga og tillögu að deiliskipulagi Grænuborgar.

*Umhverfis- og skipulagsráð Reykjanesbæjar gerir ekki athugasemdir við tillöguna.*

## **13. Fitjabraut 5 og 7 - Umsókn um lóð (2019120011)**

Smáragarður ehf. óskar eftir að fá lóðunum að Fitjabraut 5 -7 úthlutað skv. lið 3.4 í reglum um lóðarúthlutanir Reykjanesbæjar undir byggingarverslun BYKO og mögulega aðra starfsemi sem fellur að þeim rekstri. Náist samningar þar um er það ósk Smáragarðs að hefja þróun á reitnum sem fyrst í samráði við skipulagsyfirvöld bæjarins. Reiknað er með sameiningu lóðanna tveggja og byggingarreita.

*Lóðarumsókn samþykkt með fyrirvara um samþykki Reykjaneshafnar og afhendingarskilmála.*

## **14. Funatröð 2 - Umsókn um lóð (2020110035)**

Óskar Ingi Húnfjörð óskar eftir því við Reykjanesbæ að fá úthlutað lóðinni Funatröð 2, á Ásbrú í Reykjanesbæ fyrir hönd Íslandshúsa ehf. Samþykki Kadeco liggur fyrir.

*Lóðarúthlutun samþykkt.*

## **15. Fuglavík 1 - Umsókn um lóð (2020100465)**

Vilbert Gústafsson sækir um lóðina Fuglavík 1.

*Lóðarúthlutun samþykkt.*

## **16. Brekadalur 14 - Umsókn um lóð (2020100479)**

Húseignir Leirdal ehf. sækir um lóðina Brekadalur 14.

*Lóðarúthlutun samþykkt.*

## **17. Brekadalur 16 - Umsókn um lóð (2020100478)**

Húseignir Leirdal ehf. sækir um lóðina Brekadalur 16.

*Lóðarúthlutun samþykkt.*

## **18. Brekadalur 18 - Umsókn um lóð (2020100477)**



Húseignir Leirdal ehf. sækir um lóðina Brekadalur 18.

*Lóðarúthlutun samþykkt.*

**19. Brekadalur 20 - Umsókn um lóð (2020100480)**

Húseignir Leirdal ehf. sækir um lóðina Brekadalur 20.

*Lóðarúthlutun samþykkt.*

**20. Hafnargata 56 - Fyrirspurn um lóð vegna flutnings á húsi (2019100021)**

BGB ferðaðþjónusta ehf. óskar eftir lóð við Bakkaveg undir húsið við Hafnargötu 56 sem fyrirhugað er að flytja með, erindi dags. 25. september 2019.

*Engin lóð er laus til úthlutunar við Bakkaveg, en lögð er til lóðin Hafnargata 8 í Höfnum. Erindi frestað.*

**21. Reglur um undirbúning funda (2020110036)**

Reglur um undirbúning funda lagðar fram.

**22. Mælaborð sviðstjóra (2020040004)**

Mælaborð lagt fram.

**23. Fundargerðir neyðarstjórnar (2020030192)**

Fundargerðir lagðar fram.

<https://www.reykjanesbaer.is/is/stjornsysla/stjornsyslan/fundargerdir/neydarstjorn>

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:35